



## BÆJARSTJÓRINN Á ÍSAFIRÐI

BK/be

Ísafirði, 17. febr. 1975

Húsafriðunarnefnd  
c/o Þór Magnússon, þjóðminjavörður  
Þjóðminjasafninu,  
Reykjavík.

### Varðar samþykkt um friðun húsa á Ísafirði.

Á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðar þann 16. jan. s.l.  
var eftirfarandi samþykkt gerð:

"A) Bæjarstjórn Ísafjarðar samþykkir að friðlýsa eftirtalin  
hús með það fyrir augum að vernda þau sem menningar-  
minjar til komandi kynslóða:

1. Tjöruhús eða beykishús, byggt 1734
2. Sölubúð eða krambúð, " 1757-1761
3. Faktorshús " 1765
4. Turnhús " 1784-1785
5. Íbúðarhús í Hæstakaupstað " 1788

Friðlýsing þessi er gerð í samræmi við ákvæði 26. gr.  
þjóðminjalaga nr. 52/1969. Friðunin skal vera samkvæmt  
A-flokki. Skal þess vandlega gætt, að notkun sú, sem  
verður í húsunum, breyti engu minjagildi þeirra og engar  
breytingar verði gerðar á þeim, umfram það, sem segir í  
þjóðminjalögum.

B) Bæjarstjórn samþykkir að sækja um fjárveitingu til Alþingis  
til varðveislu og endurnýjunar húsanna að fjárhæð kr. 1.000.000.-  
Varðandi viðhald og endurbætur húsanna skal haft samráð við  
Sögufélag Ísfirðinga."

Bæjarstjórn væntir góðs samstarfs við Húsafriðunarnefnd  
varðandi ofangreind hús.

Virðingarfyllt,  
Bæjarstjórn  
*Bollí Kjartansson*  
Bollí Kjartansson  
Ísafirði

Samhljóða bréf sent  
menntamálaráðuneytinu